


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 2	Áfangaheiti ÍSA 403	
	Kennsluáætlun Vorönn 2011	

Kennari	Anna Lilja Harðardóttir	Sk.st.	ALH
----------------	-------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Farið verður í málfræði og bókmenntasögu frá tímabilinu 1550 – 1900. Áhersla lögð á að nemendur auki við orðforða sinn og þjálfist í munnlegri tjáningu, sjálfstæðum vinnubrögðum og rituðu máli. Kynning á almennum hjálpargögnum og notkun þeirra við íslenskunám.

Markmið:

Að nemandi auki orðaforða sinn, lestrarfærni og þjálfist framburð sinn.

Að nemandi þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum, notkun málfræði – og orðabóka og geti bætt námstækni og námstök.

Að nemandi geti gert grein fyrir helstu einkennum bókmennta á tímabilinu 1550 – 1900, þekki helstu höfunda og verk þeirra og geti lesið texta frá tímabilinu og fjallað um þá.

Námsgögn:

Íslenskar bókmenntir 1550 – 1900 eftir Kristinn Kristjánsson. 1996. Iðnú, Reykjavík.

Ljósrit frá kennara og ýmsar gagnlegar vefslóðir við íslenskunám

Smáorð eftir Magnús Jón Árnason. 1997. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Áætlun um yfirferð:

06.01. – 07.01.


Kynning á áfanganum og námsefninu

1. lota (4 vikur) 10.01. – 04.02.

Íslenskar Bókmenntir (ÍB): Lesa um Siðaskipti á bls. 9 – 22; Lesa bls. 24 um Jón Ólafsson Indíafara, Rímur á bls. 26, Tyrkjaránið á bls. 31 og Hallgrím Pétursson á bls. 33; Lotunni lýkur á krossaprófi 10% og ritunarverkefni 5%. Málfræðiverkefni.

2. lota (2 vikur) 07.02. – 18.02.

Íslenskar bókmenntir (ÍB): Lesa um Galdra á bls. 47, Austfirsku skáldin á bls. 54 bls., Látra – Björgu á bls. 57 og Meistara Jón á bls. 58. Lotunni lýkur með krossaprófi 10% og verkefnavinnu. Málfræði og verkefni unnin.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 2	Áfangaheiti ÍSA 403	
	Kennsluáætlun Vorönn 2011	

3. lota (3 vikur) 21.02. – 11.03.

Upplýsing á bls. 63 (ÍB): Vísindabyltingin, Jón Steingrímsson, Þýðingar, Fræðafélög, Vatnsenda – Rósa og Herranótt. Lotunni lýkur með prófi úr bókmenntasögunni 15% og prófi í málfræði 10%.

4. lota (3 vikur) 14.03. – 01.04.

Rómantík 19. aldar á bls. 75 (ÍB): Rómantík á bls. 77 og lesa áfram að bls. 104. Lotunni lýkur með prófi úr bókmenntasögunni 15% og ritunarverkefni 5%.

5. lota (2 vikur) 04.04. – 29.04. Ath. Páskafrí

Raunsæi og Aldamótin (ÍB). Raunsæi á bls. 105, í Vesturheimi á bls. 112, Þorsteinn Erlingsson og Aldamótin á bls. 115. Lotunni lýkur með prófi úr bókmenntasögunni 15% og málfræðiprófi 10% munnlegu verkefni 5%.

Námsmat og vægi námsþátta:

Lotupróf úr bókmenntasögunni	45%
Krossapróf	20
Málfræðipróf	20%
Verkefni munnleg og skrifleg	15%

Nemendur þurfa að tilkynna á skrifstofu VMA ef þeir geta ekki mætt í próf eða skilað verkefnum á tilsettum tíma á önninni vegna veikinda.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils